

Skólaráðfundur 12.10. 2023

kl. 8:30

Mættir:

Fulltrúar stjórnenda:	Dögg Gunnarsdóttir skólastjóri
Fulltrúi foreldra:	Brynja Dís Guðmundsdóttir
Fulltrúar nemenda:	Katrín Anna Húbertsdóttir, Jón Ingi Ingason
Fulltrúi grendarsamf.	Geir Bjarnason
Fulltrúi kennara:	Hulda Ólafsdóttir og Hildur Kristjánsdóttir
Fulltrúi starfsmanna:	Sólborg H. Þórðardóttir

Dagskrá:

1. Farið var yfir skipulag funda og starfsáætlun vetrarins..
2. Skóladagatal skólaársins. Farið yfir og rætt.
3. Samvinna heimilis og skóla. Fulltrúi foreldra sagði að erfitt væri að fá bekkjarfulltrúa til starfa í foreldrafélaginu. Mikilvægt er að fá bekkjartengla í alla bekki. Hlutverk þeirra er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan hvers bekkjar. Það er yfirleitt fyrsta verkefni bekkjartengla að ræða um hvað þeir leggja til að gert verði um veturinn og á þeim vettvangi er t.d. bekkjarandinn, tengslanet og upplýsingaflæði milli foreldra og skóla og bekkjarskemmtun í skólanum.
4. Markmið skólans kynnt.
5. Upplýsingar frá aðalfundi félagsins. Fáir mættu, reynt verður að endurtaka aðalfund.

Önnur mál:

- Bóka og bíóvika fellur niður þetta árið og í stað þess verður lagt meira í Læk verkefnið. Markmið með starfsemi Lækjar er að draga úr félagslegri einangrun, auka lífsgæði og efla félagslega og líkamlega vellíðan.
- Reynt verður að hafa samstarf með foreldrafélaginu og skóla í undirbúningi jólaföndurs og piparkökudags. Vorhátíð skóla og foreldrafélags verða skipulögð með samstarf í huga.
- Nýr og glæsilegur gervigrasvöllur var tekinn í notkun í haust.

Fundi slitið kl. 9:00

Fundargerð ritaði Arna B. Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri. .